

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis vestan flugvallar á Flúðum, ný aðkoma.*
Gerð er breyting á aðkomu að svæðinu frá Bræðratunguvegi sem verður nú um nýtt hringtorg. Lóðafjöldi er sá sami eftir breytingar (24) en afmörkun og stærð nokkurra lóða breytist vegna breytinga á aðkomuvegi.
Samþykkt í sveitarstjórn 13. ágúst 2015.
2. *Breyting á deiliskipulagi innan þéttbýlisins á Flúðum, Torfdalur og Vesturbrún, spennistöðvarlóð.*
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir lóð undir spennistöð á svæði milli lóðar Límtrés-Vírnets (Torfdalur 2) og lóðar undir hreinsimannvirki.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. nóvember 2015.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. desember 2015.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2015